

Verjum sparnað landsmanna

Eftir Hrafn Magnússon

Árið 1979 voru sett lög á Alþingi um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Hvernig var ástand peningamála á þessum tíma? Sparifé landsmanna hafði þá um langt skeið fuðrað upp í verðbólguþálinu og það litla lánsfé sem var í umferð var lánað með neikvæðum raunvöxtum.

Allur sparnaður gafaði upp

Langar biðraðir mynduðust á hverjum morgni í biðstofum bankastjóranna þar sem almenningur beið eftir að fá skammtímalán, svo að hægt væri að skrimta þó að ekki væri nema í nokkra mánuði. Engum heilvita manni datt í hug að hægt væri að spara með því að leggja eigin sparnað inn á óverðtryggða reikninga bankanna, heldur var gripið til þess ráðs að „fjárfesta í steinsteypu“ þ.e. í ófullgerðu húsnæði, jafnvel í grunnum og lóðum víðs vegar um landið. Með þeim hætti væru líkur á því að hægt yrði verja sparnað landsmanna frá því að beinlínis gufa upp inni á bankareikningum fjármálastofnana. Þá fóru eignir lífeyrissjóðanna ekki frekar en annar sparnaður varhluta



Hrafn Magnússon

af þessum undarlegu tímum neikvæðra vaxta og óðaverðbólgu. Því fór fjarri að lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði gætu staðið við áunnar lífeyrisskuldbindingar sjóðfélaga sinna.

Varnaðarorð Ólafs Jóhannessonar

Við umræður á Alþingi í mars 1979 þegar loks var heimilt að verðtryggja sparifé

landsmanna sagði Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, m.a. þetta:

„Hin öra verðbólguþróun héraendis að undanförmu hefur eðlilega leitt til þess að leitað er leiða til að leiðrétta skekkju af völdum verðbólgunnar á ýmsum sviðum efnahagslífsins. En tilfærsla eigna frá þeim, sem skulda í peningum með vöxtum, sem liggja undir hraða verðbólgunnar, til hinna, sem geyma fé sitt á vöxtum undir verðbreytingum, er e.t.v. einn alvarlegasti fylgikvilli verðbólgunnar.

Auk eignatilfærslu fylgir því ástandi, sem hér hefur ríkt, óhófleg eftirspurn eftir lánsfé og jafnframt brenglar verðbólga mat á framtíðargildi fjárfestingar þegar raunverulegur vaxtakostnaður kemur ekki fram í lánskjörum.“

» Leita verður frekari leiða til að leysa skuldavanda heimilanna. Það verður ekki gert á kostnað neikvæðra raunvaxta, heldur með öflugu vaxtabótakerfi.

Greining Jóhannesar Nordals

Jóhannes Nordal, þáverandi seðlabankastjóri, hefur ætíð látið sig málefni lífeyrissjóðanna miklu varða. Í ræðu á vegum Sambands almennra lífeyrissjóða í desember 1975 sagði Jóhannes m.a. þar sem hann fjallaði um neikvæða vexti af sjóðfélagalánum.

„Með þessu móti má með nokkru segja að verðbólguþap það sem lífeyrisþegar verða fyrir samsvari sér í hluta í verðbólguhagnaði af lántökum hjá sjóðunum. Er þannig verið að færa fé frá lífeyrisþegum til fólks á besta aldri sem er að koma yfir sig húsnæði eða stendur í öðrum stórum fjárútlátum.“

Af hverju er ég að draga fram til vitnisburðar tvo mæta einstaklinga, þá Ólaf Jóhannesson, þáverandi formann Framsóknarflokksins, og Jóhannes Nordal, fyrrverandi seðlabankastjóra?

Hvort kemur á undan eggjð eða hænna?

Svarið er einfalt. Nú er hafin enn ein atlagan að verðtryggingunni og þar með sparnaði landsmanna. Menn virðast ekki vita hvort kemur á undan eggjð eða hænna. Nú er það ekki lengur verðbólgan sem er ógnvaldurinn heldur verðtryggingin! Skuldavandi heimilanna er sem sé verðtryggingunni að kenna en ekki verðbólgunni og hruninu mikla sem varð í október 2008. Hvilík öflugmæli.

Hér er um mikla hagsmuni að ræða en innlán heimilanna inni á verðtryggðum reikningum nam um síðustu áramót 214 milljörðum króna en til viðbótar koma síðan miklar verðtryggðar eignir lífeyrissjóðanna, væntanlega um 1.500 milljarða króna.

Verðtryggingin breytti stöðunni

Vert er að geta þess að fyrir tíma verðtryggingarinnar voru lánþegar að sligast undan greiðslubyrði óverðtryggðra lána. Á árinu 1979 voru útlánsvextir yfir 20%. Þar sem allir vextir bættust við afborgun óverðtryggðra lána gat ungt fólk ekki staðið undir þungri greiðslubyrði. Með verðtryggingunni breyttist þetta því verðbætur bættast við höfuðstól og er dreift yfir lánstíma lánanna. Með verðtryggingunni var ungu fólki því gert

kleift að eignast húsnæði fjármagnað með löngum verðtryggðum lánum.

Sumir segja að ekki sé sanngjarnt að lánþegar verðtryggðra lána beri einir verðbólguáhættuna. Í því sambandi má benda á að greiðslubyrðin lækkar ef laun hækka meira en verðlag. Sagan segir okkur sem betur fer að þannig hefur það verið á liðnum árum. En til skamms tíma geta komið tímabil þar sem verðlag hækkar meira en laun.

Enga tilraunastarfsemi!

Farsælt efnahagslíf byggist á öruggum sparnaði einstaklinga. Auðvitað verður að leita frekari leiða til að leysa skuldavanda heimilanna, en það verður ekki gert á kostnað neikvæðra raunvaxta, heldur með öflugu vaxtabótakerfi, sem kemur þeim til hjálpar sem mest þurfa á því að halda.

Nú eru liðnir nokkrir áratugir frá því að sett voru lög á Alþingi um verðtryggingu fjárskuldbindinga og sparifjár. Við megum ekki fórna þeim ávinningi með einhverri tilraunastarfsemi um afnám verðtryggingarinnar. Sporin hræða og tímabil sem ríkti á lánsfjármarkaðinum fyrir árið 1979 getur hæglega komið aftur fyrr en varir. Vill þjóðin það?

Höfundur er fyrrverandi framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

